

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Jesús og Sakkeus



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest

Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Aðlagð af: Ruth Klassen

Saga 53 af 60

www.M1914.org

Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic




Dag einn
átti Jesús
leið um
Jeríkó
sem fyrir
ævalöngu
var lögð í
rúst af her
Jósúa.

1



Nú var
borgin
endurbyggð
og hafði
fjölda íbúa.
Einn þeirra
var maður
að nafni
Sakkeus.


2



Sennilega hefur Sakkeus ekki verið vinsæll í Jeríkó, því hann var skattheimtumaður. Sakkeus skilaði hluta af peningunum til ríkisvaldsins og hélt miklu eftir fyrir sig sjálfan.


3

Skattheimtumenn í þá daga voru ríkir. Hús Sakkeusar hefur líklega verið stærsta og fínasta húsið í hverfinu þar sem hann bjó.




4

Þótt Sakkeus væri lítill vexti, hafði hann greinilega mikla peninga milli handanna. Hann var ríkur, lítill karl.




5



Þegar Sakkeus heyrði að Jesús væri kominn til Jeríkó, langaði hann til að sjá þennan mann frá Nasaret sem kvaðst vera sonur Guðs.

6



En fólksfjöldinn var mikill ... og flestir stærri en hann.

7



Þá fékk Sakkeus hugmynd. Ef hann færi á undan fólkinu og klifraði upp í tré við veginn... þá mundi hann geta séð Jesús.

8



Hann klifraði upp í mórberjatré, fann sér þægilegan stað á milli greinanna og beið eftir Jesú.

9



"Héðan er gott útsýni," hefur hann kannski hugsað sér, "og hér sér mig enginn."

10



"Sakkeus, flýttu þér og komdu niður úr trénu." Hann trúði varla sínum eigin eyrum. Jesús stóð undir trénu, horfandi í áttina til hans, og var að kalla á hann!

11



Ef Sakkeus hefur verið hissa að heyra Jesú kalla nafn sitt, hlýtur hann að hafa verið alveg steinhissa þegar Jesús sagði, "Ég kem í heimsókn til þín í dag."

12



Sakkeus flýtti sér svo mikið, að hann næstum féll niður úr trénu.


13



Sakkeus var yfir sig hrifinn að Jesús skyldi ætla að koma í heimsókn.

14

En fólkið var minna hrifið af því að Jesús skyldi ætla að heimsækja þennan synduga Sakkeus.



15

Jesú vegna, varð gjörbreyting á lífi Sakkeusar.




16



Sakkeus sagði, "Drottinn, ég mun gefa helming alls sem ég á til fátækra. Ef ég hefi svindlað á einhverjum, mun ég gefa honum það fjórfalt til baka."

17

Það gleður Jesú þegar fólk breytir frá syndugu lífernir sínu til réttláts og göfugs lífs. Hugarbreyting Sakkeusar gladdi hann mjög. Jesús sagði, "Mannssonurinn er kominn til að leyta hinna týndu og frelsa þá."



18

Jesús og Sakkeus

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Lúkasi 19

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: **Góði Guð**, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!